



**ORKUSTOFNUN**

**Rannsóknasvið**

# **Forðafraeðistuðlar**

## **Staða bergfraeðirannsóknna**

### **í lok 1997**

**Áfangaskýrsla um samvinnuverk**  
**Hitaveitu Reykjavíkur og Orkustofnunar**

**Hjalti Franzson**  
**Guðmundur Ómar Friðleifsson**  
**Ásgrímur Guðmundsson**  
**Elsa G. Vilmundardóttir**

**Unnið fyrir auðlindadeild Orkustofnunar**

**1997**

**OS-97077**



**ORKUSTOFNUN**  
Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

**Verknúmer 720 105**

**Hjalti Franzson,  
Guðmundur Ómar Friðleifsson,  
Ásgrímur Guðmundsson og  
Elsa G. Vilmundardóttir**

## **Forðafræðistuðlar**

**Staða bergfræðirannsókna í lok 1997**

**Áfangaskýrsla um samvinnuverk Hitaveitu Reykjavíkur og Orkustofnunar**

**Unnið fyrir auðlindadeild Orkustofnunar**


**OS - 97077**

**Febrúar 1998**

**ORKUSTOFNUN**

Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

Lykilsíða

<b>Skýrsla nr.:</b> OS-97077	<b>Dags.:</b> Desember 1997	<b>Dreifing:</b> <input checked="" type="checkbox"/> Opin <input type="checkbox"/> Lokuð til
<b>Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill:</b> FORÐAFRÆÐISTUÐLAR Staða bergfræðirannsókna í lok árs 1997	<b>Upplag:</b> 40	
	<b>Fjöldi síðna:</b> 57	
<b>Höfundar:</b> Hjalti Franzson Guðmundur Ómar Friðleifsson Ásgrímur Guðmundsson Elsa G. Vilmundardóttir	<b>Verkefnisstjóri:</b> Ómar Sigurðsson	
<b>Gerð skýrslu / Verkstig:</b> Bergfræðirannsókn, áfangaskýrsla	<b>Verknúmer:</b> 720 105	
<b>Unnið fyrir:</b> Auðlindadeild Orkustofnunar		
<b>Samvinnuaðilar:</b> Samvinnuverk Hitaveitu Reykjavíkur og Orkustofnunar		
<b>Útdráttur:</b> Í skýrslunni er fjallað um samband ummyndunar við lekt og grop. Þetta er hluti af verkefni 'forðafræðistuðlar' sem m.a. felst í að mæla grop, lekt, varmaleiðni og eðlisþyngd í öllum íslenskum berggerðum við öll ummyndunarstig. Skýrslan er önnur í röðinni af þeim sem fjalla um jarðfræðilega hlið verkefnisins, sem er liður í rannsóknum á háhita landsins. Í upphafi er rætt lítillega um þá aðferðafræði sem er notuð. Síðan er gerð grein fyrir úrvinnslu nýrra gagna og stöðu úrvinnslu þeirra. Á hverjum tókustað voru boruð fjögur sýni af kjarna til jarðfræðilegra og jarðeðlisfræðilegra greininga. Sýnunum var ætlað að gefa sem gleggsta mynd með tilliti til grops, lektar og efnasamsetningar bergsins, en mest áhersla hefur þó verið lögð á ummyndunarþáttinn vegna áhrifa hans í jarðhitageymum. Raktar eru helstu niðurstöður úrvinnslunnar og samanburðar við melda forðafræðistuðla, og settar fram tillögur um næstu skref í gagnaöflun og úrvinnslu.		
<b>Lykilorð:</b> Háhiti, forðafræðistuðlar, efnafræði, bergfræði, ummyndun	<b>ISBN-númer:</b>	
	<b>Undirskrift verkefnisstjóra:</b> 	
	<b>Yfirfarið af:</b> VS, PI	

## Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	5
2. Ummyndun bergs, almenn atriði.....	5
2.1 Holufyllingar.....	5
2.2 Bergummyndun í gosbergi.....	5
2.3 Innskot.....	6
3. Gögn og úrvinnsla.....	6
3.1 Þunnsneiðaathugun.....	6
3.2 Efnifræði bergsýna.....	8
3.3 Mat á kalsíti og bundnu vatni.....	9
3.4 Röntgengreiningar á leir.....	10
3.5 Tengsl forðafræðistuðla og þunnsneiðagreininga.....	10
4. Niðurstöður og frekari úrvinnsla.....	11
5. Heimildir.....	12

## Myndaskrá

Mynd 1.	Helstu rannsóknaraðferðir og tengsl þeirra .....	13
Mynd 2.	Yfirlit yfir breytingar í ummyndun bergs í háhitakerfi .....	14
Mynd 3.	%SiO <sub>2</sub> á móti % TiO <sub>2</sub> .....	15
Mynd 4.	%SiO <sub>2</sub> á móti % Al <sub>2</sub> O <sub>3</sub> .....	15
Mynd 5.	% SiO <sub>2</sub> á móti % Fe <sub>2</sub> O <sub>3</sub> .....	16
Mynd 6.	% SiO <sub>2</sub> á móti % MnO.....	16
Mynd 7.	% SiO <sub>2</sub> á móti % MgO .....	17
Mynd 8.	% SiO <sub>2</sub> á móti % CaO.....	17
Mynd 9.	% SiO <sub>2</sub> á móti % Na <sub>2</sub> O .....	18
Mynd 10.	% SiO <sub>2</sub> á móti % K <sub>2</sub> O .....	18
Mynd 11.	% SiO <sub>2</sub> á móti % P <sub>2</sub> O <sub>5</sub> .....	19
Mynd 12.	% SiO <sub>2</sub> á móti % glæðitapi .....	19
Mynd 13.	% SiO <sub>2</sub> á móti Cu.....	20
Mynd 14.	% SiO <sub>2</sub> á móti Nb.....	20
Mynd 15.	% SiO <sub>2</sub> á móti Pb .....	21
Mynd 16.	% SiO <sub>2</sub> á móti Rb.....	21
Mynd 17.	% SiO <sub>2</sub> á móti Zn .....	22
Mynd 18.	% SiO <sub>2</sub> á móti Sr .....	22
Mynd 19.	% SiO <sub>2</sub> á móti Th .....	23
Mynd 20.	% SiO <sub>2</sub> á móti U.....	23
Mynd 21.	% SiO <sub>2</sub> á móti Y.....	24
Mynd 22.	% SiO <sub>2</sub> á móti Zr.....	24
Mynd 23.	% glæðitap á móti FeO/FeO+Fe <sub>2</sub> O <sub>3</sub> .....	25
Mynd 24.	Samanburður á kalsítmagni og glæðitapi.....	25
Mynd 25.	%CO <sub>2</sub> á móti bundnu vatni .....	26
Mynd 26.	Bundið vatn á móti ummyndunarbeltum.....	26
Mynd 27.	%CO <sub>2</sub> á móti ummyndunarbeltum.....	27
Mynd 28.	Mismunur mælds heildargrops og þunnssneiðagrops á móti % ummyndun	27
Mynd 29.	“Grain density” á móti % ummyndun .....	28
Mynd 30.	Loftlekt á móti % ummyndun .....	28
Mynd 31.	Mæld vatnslekt á móti % ummyndun .....	29
Mynd 32.	Klinkenberg útreiknuð lekt á móti % ummyndun.....	29

## Töfluskrá

Tafla 1.	Helstu þættir þunnssneiðalýsingar .....	31
Tafla 2.	Niðurstöður í punkttalningu í þunnssneiðum og forðafræðimælingar .....	33
Tafla 3.	Efnagreiningar og skipting sýna í ummyndunarbelti og bergflokka .....	41
Tafla 4.	Yfirlit um efnaflutninga úr erlendum heimildum .....	53
Tafla 5.	Röntgengreiningar.....	55

## 1. INNGANGUR

Samstarfsverkefnið “Forðafræðistuðlar” er um að mæla grop, lekt, varmaleiðni og eðlisþyngd í öllum íslenskum berggerðum við öll ummyndunarstig. Fjögur kjarnasýni voru boruð úr berginu úr hverjum tókustað. Hluti kjarnanna var notaður til jarðeðlisfræðimælinga, en að öðru leyti til jarðfræðilegra athugana (bergfræði, bergefnafræði).

Skýrslan er önnur í röðinni af þeim sem fjalla að mestu um jarðfræðilega hlið verkefnisins, en sú fyrri (Ásgrímur Guðmundsson o.fl. 1995) lýsti aðallega hvar kjarnar voru teknir, og fyrstu niðurstöðum í grop-, lektar- og eðlisþyngdarmælingum ásamt þunnsneiðaathugunum. Rannsóknaraðferðirnar, sem hér var beitt, eru sýndar á mynd 1. Í þessari skýrslu verður fyrst fjallað lítillega um þá aðferðafræði sem notuð er við að kanna samband ummyndunar við lekt og grop. Í kafla 3 eru sett fram að hluta til ný gögn sem bæst hafa við og gerð grein fyrir núverandi stöðu úrvinnslu þeirra.

## 2. UMMYNDUN BERGS; ALMENN ATRÍÐI

Við sýnasöfnunina var leitast við að safna bergsýnum með sem breytilegustu eiginleikum í gropi, lekt og efnasamsetningu. Ummyndun hefur þó verið sá þáttur sem mest hefur verið hugað að, vegna þeirra áhrifa sem hún hefur á berg í jarðhitageymum. Hér á eftir verður lýst helstu ummyndunarþáttum til þess að gefa nokkra yfirsýn yfir þær breytingar sem verða í bergi frá því að það er ferskt þar til það hefur náð hæstu ummyndunarstigi (amfíþólbelti).

### 2.1 Holufyllingar

Í fersku gosbergi eru gasblöðrur (porur) áberandi, og eru ráðandi þáttur í “prímerum” (upprunalegum) poruhluta bergsins. Holufyllingar minnka þennan poruhluta. Í rannsóknnum á háhitakerfum, svo sem á Nesjavöllum og Svartsengi, hefur verið fylgst með hvar og hvenær porur í berginu fyllast af útfellingum. Eru þær niðurstöður sýndar með einfölduðum hætti á mynd 2A. Á mynd 2 eru ummyndunarbeltin sett upp þannig að ummyndun vex til hægri eftir x-ásnum frá fersku bergi yfir í amfíþól. Almenn gildir einnig að ummyndun vex með dýpi þannig að hærra ummyndunarstig þýðir meira dýpi í jarðlagastaflanum á þeim stað. Með það í huga kemur í ljós þegar mynd 2 A er skoðuð, að um leið og berg er komið niður í smektítzeólíta beltíð taka porur að fyllast af útfellingum og við efri mörk blandlagsbeltisins er meirihluti af upphaflegum (prímerum) porum fullar af útfellingum, einkanlega þær smærri. Í feldi hefur orðið vart við að þegar komið er vel niður í epidót amfíþólbelti hafa útfellingar í holrými í stöku tilfellum horfið að hluta.

### 2.2 Bergummyndun í gosbergi

Á mynd 2B er sýnt yfirlit yfir ummyndun basíssks bergs. *Gler* og *ólivín* ummyndast fyrst og hefur allt ummyndast þegar komið er niður að efri mörkum blandlagabeltisins. *Pýroxen*, *plagíóklas* og *málmur* sýna meira viðnám gegn ummyndun. Fyrstu merki ummyndunar koma ofarlega í blandlagabeltinu, en verður ekki umtalsverð fyrr en komið er vel niður í klórít-epidótbeltíð. Talið er að meirihluti frumsteinda upphleðslubergs hafi ummyndast þegar komið er vel niður í epidót-amfíþólbeltíð. Taka verður þó fram að víðast hvar í núverandi háhitakerfum er orðið lítið um gosberg á því dýpi, þar sem obbinn af berglagastaflanum þar er innskotsberg.

### 2.3 Innskot

Innskot er kvika sem treðst inn í berggrunninn og storknar þar. Innskot eru því yngri en þær gosmyndanir sem þau troðast inn í og fleygst inn í háhitakerfi á öllum tímaskeiðum þeirra. Á mynd 2C er sýnd almenn dreifing innskota eftir dýpi á háhitasvæðum, þar sem byggt er á borholujarðfræði á virkum háhitasvæðum. Innskot eru fátíð í efstu 600-700 m jarðlagastaflans en aukast hratt þar fyrir neðan og nálgast 100% þegar komið er niður fyrir 2000 m dýpi. Það þýðir að áhrif grops og lekt innskota verður meira ráðandi er neðar kemur í jarðhitageyminn en áhrif gosbergs í poruhluta dvínar. Á mynd 2D er sýnt á almennan hátt hvernig grop innskotsbergs (gangbergs) breytist með dýpi. Eins og áður sagði eru blöðrur í berginu til orðnar við aðskilnað gass frá kvikunni. Slíkur aðskilnaður er háður kvikuþrýstingi og magni gass. Aðskilnaðurinn eykst við minnkandi þrýsting, sem leiðir til þess að grop innskota eykst er ofar kemur í berglagastaflann og telur Walker (1973) að slík blöðrumyndun í innskotum verði áberandi ofan 1 km dýpis.

Á mynd 2E er sýnt mjög almennt hvernig bergummyndun innskota er í háhitakerfi. Breytileg ummyndun þeirra stjórnast aðallega af tveimur þáttum; af því hve lengi þau hafa mallað í jarðhitakerfinu, og af því hve þétt þau eru og því ónæmari fyrir ummyndun af völdum vökvastreymis. Því neðar sem kemur í berglagastaflann og þar með nær 100% innskotahlutfalli, verður ummyndun að sama skapi minni, vegna þess að innskotin eru þéttari og ekki síst af því að þau eru yngri en jarðhitakerfið. Sem dæmi má nefna að berg neðst í holu 11 á Nesjavöllum er ferskt að miklum hluta, þrátt fyrir allan þann hita sem þar mælist og yfirþrýst jarðhitakerfi. Á mynd 2F er gefið til kynna að hlutfall vatns í ummyndunarsteindunum minnki við hækkandi ummyndunarstig. Einnig hækkar á sama hátt eðlisþyngd ummyndunarsteindanna við hærri ummyndunarstig.

## 3. GÖGN OG ÚRVINNSLA

### 3.1. Þunnsneiðaathugun

Í kafla 2 hér að framan var gerð grein fyrir ástæðum þess að magn ummyndunar getur verið mjög breytilegt innan hvers ummyndunarbeltis (ummyndunarstigs) sem orsakast af breytilegum aldri bergeininga, poruhluta og lekt. Ákvörðun ummyndunar í felti er því aðeins fyrsta mat á mögulegu ummyndunarmagni í sýninu. Ákvörðun á ummyndun í sama sýni og mælingar eru gerðar á er mun betra mat á magni ummyndunar en feltgreining gefur til kynna. Hafa verður þó í huga að þunnsneið gefur einungis góðar vísbendingar um eiginleika lítills hluta sýnisins, en reynslan er sú að einstök sýni (fjórir kjarnar) geta stundum verið innbyrðis breytileg (breytilegt grop, sprungur, ummyndun).

Í töflu 1 er sýnt kerfi þunnsneiðalýsingar, sem notað var til að meta á sem fljótlegastan máta þá þætti sem hafa áhrif á grop og lekt bergs. Lýsingin skiptist í tvo þætti; annars vegar punkttalningu, og hins vegar lýsingu á þunnsneið.

Í talningu (200 punktar) er tekið tillit til sex þátta:

1. Frumsteindir (berg). Í þennan flokk er sett allt sem telst vera ferskt. Í talningu getur verið erfitt að sundurgreina ferska og ummyndaða hluta bergsins í mjög fínkorna-glerkenndu bergi, og verður því að vænta meiri óvissu í talningu þar.
2. Í þessum flokki er ummyndaði hluti bergsins.
3. Steindir sem sest hafa til í (gas)blöðrum bergsins.
4. Steindir sem sest hafa til í sprungum í berginu.
5. Rými í blöðrum sem ekki hefur verið fyllt.

6. Rými í sprungum sem ekki hefur verið fyllt. Sprungur geta verið tvenns konar; a) myndaðar á ummyndunartíma, b) myndaðar síðar, svo sem vegna frosts eða sprungur myndaðar við borun kjarna.

Á þennan hátt er unnt að bera tölulega saman ýmsa þætti tengda breytingum í poruhluta og lekt:

- Fyrstu 2 liðirnir gefa magn bergumyndunar.
- Liðir 3+5 gefur upprunalegt poruhlutfall bergsins, og  $3/(3+5)$  gefur hlutfall porufyllingar.
- Liðir 4+6 gefa heildar-sprunguhluta bergsins.
- Með því að taka bergið án holrýmis sem eina heild (100%), var búið til einskonar magn ummyndunar með hlutfallinu  $((2+3+4)/(1+2+3+4)) 100 = \%$  ummyndun. Slíkt hlutfall er notað í myndum 28 til 32.

Þessa þætti er unnt að bera saman við mæld gildi á gropi og lekt, til að gera sér betur grein fyrir þeim þáttum sem stjórna helst þessum breytum.

Lýsing á öðrum þáttum:

1) *Berggerð*: Efnasamsetning (basalt-ísúrt-súrt). *Kristalstærð*: Fínkorna-grófkorna (hér mætti einnig gefa upp stærð kristalla í þeim skala sem unnt er að nota í smásjóni og á þann hátt að fá tölulegt mat á stærðina). *Dílar* eru kristallar sem falla úr kvikunni á leið hennar til yfirborðs, og eru því oft mun stærri en grunnmassinn sem kristallast síðar. Oft bregðast dílar öðruvísi við ummyndun en kristallar í grunnmassa, svo fróðlegt er að gera samanburð á díla- og grunnmassaummyndun.

2) *Ummyndun frumsteinda*: Hér er ætlunin að geta frekar um hvaða ummyndunarsteindir verða til við ummyndun á mismunandi hlutum bergsins. Þessar upplýsingar tengjast úrvinnslu á seinni stigum verkefnisins.

3) Listi yfir *ummyndunarsteindir* og sjónrænt mat á *magni* þeirra.

4) *Röðun steinda* í útfellingum: Gefur upplýsingar um jarðhitasögu bergsins sem sýnið er tekið úr. Sýni sem tekin eru í rofnum háhitasvæðum hafa orðið fyrir lághitaummyndun í kjölfar háhitaummyndunarinnar. Þar á meðal getur það gerst að það holrými sem ekki fylltist í háhitaskeiðinu fyllist af lághitasteindum. Gropið er því ekki endilega í fullu samræmi við það ástand sem ríkti í háhitakerfinu.

5) *Yfirprentun* er í raun sams konar liður og minnst var á hér að ofan, þ.e. að greina jarðhitaútfellingar sem koma á öðrum tíma en þeim sem sýnið var tekið með hliðsjón af.

6) *Önnur atriði* sem talið er að geti komið að gagni við mat á eiginleikum bergsins.

Í töflu 2 eru sýndar niðurstöður talningar í völdum þunnsneiðum ásamt niðurstöðum í mælingum á forðafræðieiginleikum sýnanna. Talning í þunnsneið fer þannig fram að greindir eru 200 jafndreifðir punktar í bergfræðismásjá með tilliti til ofangreindra atriða. Í töflunni má sjá að bergsýnin spanna allt frá fersku bergi yfir í algerlega ummyndað berg, frá algerlega þéttu bergi yfir í berg með 62% blöðrur, frá óholufylltu bergi yfir í holufyllt. Sprungur og sprungufyllingar eru frá ósprungnu bergi upp í tæplega 30% nema eitt sýni (H-46) sem hefur í þunnsneið 66% sprungufyllingar.



### 3.2 Efnafraeði bergsýna

Efnagreind hafa verið alls 163 sýni, og eru niðurstöður þeirra sýnd í töflu 3. Beðið er niðurstaðna úr greiningum um 100 sýna. Í töfluna hefur einnig verið bætt við ummyndunarbeltum sýnanna. Sýnin hafa verið greind á tveimur stöðum; annars vegar hjá Caleb Brett í Bretlandi, og hins vegar hjá McGill í Montreal í Canada. Auk aðalefna og glæðitaps og FeO sem mæld eru í % hafa ýmis sporefni verið greind (BaO, Ce, Cu, V, Zn, Ga, Nb, Pb, Rb, Sr, Th, U, Y, Zr, Cl, S) en þau eru mæld í ppm. Töflunni hefur verið tvískipt þannig að ummyndunarbelti og berggerðir eru í fyrri hluta töflunnar en sporefnin í síðari hluta. Í þeirri sendingu sem nú bíður greiningar hjá McGill verður einnig greint % CO<sub>2</sub> sem er hluti af glæðitapi (LOI).

Eins og rakið var í fyrri jarðfræðiskýrslu var sýnunum safnað að mestu á Suðvesturlandi (Skarðsheiði, Akrafjalli, Esju, Reykjanesi, Hveragerði), og á Suðausturlandi (Geitafellseldstöð í Hornafirði). Nokkur sýni hafa einnig verið tekin í tertíeru bergi Snæfellsness og úr virka gosbeltinu þar. Ferska basaltið, sem kemur aðallega af Reykjaneskaganum, hefur mjög afmarkaða basaltsamsetningu, og er að mestu mjög vanþróað (primitívt) berg. Þau tvö sýni sem efnagreind voru af Snæfellsnesi hafa frábrugðna efnasamsetningu, enda ættuð úr gosbelti þar sem alkali þróunarlína (trend) ræður ríkjum. Ekki verður hér farið í nána umfjöllun um efnagreiningarnar að sinni. Í sýnahópnum eru 14 úr líparíti, ekkert dasít, 5 úr andesíti, 5 úr basalt andesíti, og afgangurinn 139 sýni af basalt samsetningu.

Gerð var lausleg könnun á erlendum heimildum sem lýstu hreyfingum efna í bergi, sem verða fyrir jarðhitaummyndun. Í töflu 4, sem byggð er á þessum heimildum, er gerð grein fyrir hvort og hvernig efnin hreyfast í berginu. Þær rannsóknir sem heimildirnar lýsa eru nokkuð breytilegar, þar sem annars vegar er verið að lýsa flutningi efna allt frá mikróskala yfir í flutning efna á skala heils jarðhitakerfis. Eins og taflan ber með sér hefur orðið aukning á sumum efnum en önnur efni hafa skolast úr sýnum, eða hvorugtveggja. Flestum heimildum ber saman um að títan og zirkon séu þau efni sem staðföstust eru í berginu og sem ummyndun hefur lítil áhrif á. Nokkrar rannsóknir hafa verið gerðar á efnaflutningi vegna ummyndunar í íslenzku bergi (t.d Wood et al. 1976, Hrefna Kristmannsdóttir 1978, Viereck et al. 1982, Gibson et al. 1982, Floyd og Fuge 1982) og ber þar hæst rannsóknir á kjarnanum úr Reyðarfjarðarholunni.

Úrvinnsla efnafraeðigagna er mjög skammt á veg komin, og hefur hún einkum miðast við að leita eftir efnabreytingum sem verða við aukna ummyndun bergsins. Sýnahópnum hefur verið skipt niður á grundvelli feltlýsingar í 5 ummyndunarstigsflokka; fersklegt berg, smektít-zeólítabelti, blandlagsbelti, klórít-epidótbelti, og epidót-amfíbólbelti samkvæmt ákvörðun í felti. Í sýnasafninu hafa engin sýni enn verið efnagreind sem teljast til klórítbeltis.

Á myndum 3 til 22 eru sýnt hlutfall flestra efna, sem greind voru, móti kísli (SiO<sub>2</sub>), og hefur sýnunum, eins og áður sagði, verið skipt í hópa eftir ummyndunarbeltum. Ekki verður að sinni fjallað um nema fáein atriði í þessum myndum, og beðið með frekari úrvinnslu á efnafraeði sýnanna þar til fleiri sýni hafa verið efnagreind, og mun þá væntanlega fást betri heildarmynd. Einnig væri fróðlegt að bæta við efnafraeðigögnum sem til eru af fersku íslensku storkubergi til samanburðar.

Einn þýðingarmikill munur á efnagreiningu á fersku storkubergi og ummynduðu bergi er aukning glæðitaps í því síðarnefnda. Glæðitapið orsakast einkum af bundnu vatni og koldíoxíði. Á mynd 12 er sýnt glæðitap á móti kísli. Þar sést að tilhneiging er til að vaxandi glæðitap valdi hlutfallslegri minnkun kísils. Myndin sýnir einnig að glæðitapið er, að því er virðist, nánast óháð ummyndunabeltum. Hér kemur þó fleira til, svo sem að hátt glæðitap í smektít-zeólítabelti einskorðast líklega mest við glerríkt berg (sbr. Mynd 2B). Mögulega er

glæðitap eitthvað minna innan ísúrs og súrs bergs heldur en innan basalts. Eins og fram hefur komið þá eru aðalefnin í efnagreiningu reiknuð sem prósent. Við ummyndun bætist glæðitapið sem nýr þáttur í efnagreininguna, og veldur því hlutfallslegri minnkun annarra efna. Þegar efnaflutningar einstakra efna í bergi eru rannsakaðir hefur oft verið það ráð tekið að endurreikna efnagreininguna án glæðitaps, því þá fæst betri samanburður á efnaflökti í berginu. Lagt er til að slíkt verði gert í næsta rannsóknaráfanga.

Á mynd 23 er sýnt hlutfall þrígilds/tvígilds járn á móti glæðitapi. Hlutfallið er með einni undantekningu hærra en 0,25 (0,25 er talið upprunalegt hlutfall í gosbergi). Í heildina séð virðist hlutfallið fara hækkandi með auknu glæðitapi í sýnunum. Í grein Levi o.fl. (1982), sem könnuðu þetta hlutfall í ummynduðum basaltstafla frá Kritartíma í Chile í Suður-Ameríku, komust þeir að því að hlutfallið eykst í efsta hluta hraunlaganna. Er hér líklega um að ræða afleiðingu oxunar frá næsta hraunlagi fyrir ofan og svo oxunar frá andrúmslofti. Fróðlegt verður að kanna þann skyldleika í framtíðinni, og einnig hvort hlutfallið sé breytilegt í mismunandi ummyndun. Vireck et al. (1982) athuguðu hlutfall þrígilds og tvígilds járn í Reyðarfjarðarholunni. Í túfflögnum reyndist þetta hlutfall hátt ofan 1000 m en lækkaði þar fyrir neðan. Í þéttum hraunlögum reyndist hlutfallið nokkuð lágt og stöðugt í lágri og hárrí ummyndun. Þessar breytingar á hlutfallinu töldu þeir endurspegla minnkandi oxunaáhrif með aukinni ummyndun. Áhugavert er að athuga frekar þetta hlutfall með hliðsjón af berggerð og ummyndunarþáttum.

### 3.3 Mat á magni kalsíts og bundnu vatni

Í efnagreiningum var greint glæðitap í bergi. Glæðitapið orsakast eins og áður greinir aðallega af tveimur þáttum; bundnu vatni í bergi og CO<sub>2</sub> sem aðallega geymist sem hluti af kalsíti. Það síðarnefnda var ekki efnagreint og því var lagt mat á magn þess með talningu í 74 þunnsneiðum (sýnum). Þar var magn kalsíts metið sem % af fleti þunnsneiðarinnar. CO<sub>2</sub> er 44% af % kalsítinu sem talið var í þunnsneiðinni. Mismunur glæðitapsins í efnagreiningunni og CO<sub>2</sub> í þunnsneiðatalningunni ætti því að vera bundið vatn í berginu. Á mynd 24 er sýndur samanburður kalsíts og glæðitaps, og sést vel að magn kalsíts er í mörgum tilfellum hátt í sýnum þar sem hátt glæðitap mælist, eins og vænta mátti.

Á mynd 25 er sýnt % CO<sub>2</sub> (% kalsít x 0.44) á móti bundnu vatni (glæðitap - % CO<sub>2</sub>) í berginu. Athyglisvert er, að þar sem CO<sub>2</sub> fer yfir 3%, verður bundið vatn með öfugu formerki. Ein möguleg ástæða þess er sú að þar sem mikið er af kalsíti í þunnsneið er magn þess einnig breytilegt innan bergsins og er mögulegt að þunnsneiðin sé ekki nægilega einkennandi fyrir heildarsýnið sem efnagreint var. Ef "bundna" vatnið er flokkað með hliðsjón af ummyndunarbeltnum (mynd 26) sést að ekki er tiltakanlega mikill munur á vötnun bergs á milli ummyndunarbelta. Þess verður þó að geta að vötnun í ferska berginu og því sem er innan smektít-zeólíta beltisins er einkum í móbergshluta sýnanna (glerríkt berg sbr. mynd 2B). Á mynd 27 er sýnt %CO<sub>2</sub> með hliðsjón af ummyndunarbeltnum. Greinileg fylgni sést þar sem magn CO<sub>2</sub> eykst með ummyndun. Þetta er talið orsakast m.a. af svæðisbundinni dreifingu kalsíts þar sem þau sýni sem hafa lægstu ummyndun eru tekin vel utan við háhitasvæði þar sem lítið er af kalsíti, en þau sem hafa hærri ummyndun eru tekin innan þeirra. Nýverið voru send um 100 sýni til efnagreininga úr sýnasafni forðafræðistuðla. Þar verður CO<sub>2</sub> greiningum bætt við og koma þá betri upplýsingar um tengsl glæðitaps og CO<sub>2</sub> og einnig samband þess við talningu á kalsíti í þunnsneið.

Athyglisverð rannsókn var gerð á magni CO<sub>2</sub> og bundnu vatni með dýpi í kjarnanum í Reyðarfjarðarholunni (Viereck o.fl 1982). Kalsít sem er aðalhlýsill CO<sub>2</sub> finnst aðallega með yngstu útfellingafösunum í jarðhitakerfinu, og hefur fallið út aðallega í stærri blöðrum í berginu. Kalsít og þar með CO<sub>2</sub> er mun algengara í efri hluta holunnar innan smektít-zeólítabeltisins, en lækkar er kemur niður í meiri ummyndun, vegna þess að fyrri útfellingafasar hafa að miklu leyti þegar fyllt upp í holrýmið. Bundið vatn í túfflögum

(pýróklastísku bergi) lækkar, í heildina séð, frá lægra ummyndunarstigi niður í hærra ummyndunarstig (á lægra ummyndunarstigi hafa túfflögin þegar að miklu leyti ummyndast, sbr. mynd 2B), og er það skýrt með fækkun á vatnsríkum ummyndunasteindum (sem eru að umtalsverðum hluta í holufyllingum). Vatnsmagn í þéttum hraunlögum hækkar aftur á móti úr lágu ummyndunarstigi efst í holunni í hátt ummyndunarstig, og er það skýrt með aukinni ummyndun frumsteinda í berginu.

Áhersla á að mæla magn bundiðs vatns í bergi er vegna úrvinnslu úr nifteinda-mælingum í borholum. Þær mælingar meta heildarmagn vatns í bergi, jafnt það sem situr í holrými bergsins og þess sem er bundið í ummyndun bergsins. Það fyrrnefnda er hluti af vökvaforða jarðhitakerfisins, en hitt er það ekki. Mat á magni bundiðs vatns er því þýðingarmikið þegar túlka á poruhluta bergs út frá nifteindmælingum.

### **3.4 Röntgengreiningar á leir**

Gerðar hafa verið leirgreiningar af nokkrum hluta kjarnasýnanna til að staðfesta ummyndunarstig þeirra, en einnig til að fá mat á hvort síðari tíma lághituummyndun sé til staðar. Þessi sýnahópur er sýndur í töflu 5. Þessar greiningar munu verða sameinaðar gögnum um ummyndunarbelti og þunnsneiðagreiningar.

### **3.5 Tengsl forðafræðistuðla og þunnsneiðagreininga.**

Eins og getið var um hér að ofan, er ákvörðun á ummyndunarbeltum í feldi fyrsta mat á ummyndunarstigi. Mun nákvæmara mat á ummyndunarmagni og ummyndunarstigi er athugun á hverju sýni í þunnsneið. Gerður var ummyndunarskali þar sem liðir 1, 2, 3, 4 í þunnsneiðatalningunni (sbr. töflur 1 og 2) voru teknir sérstaklega og þeim hóp skipt í tvo hluta; frumsteindir annars vegar og ummyndunarsteindir hins vegar (bergumyndun, útfellingar í blöðrum og sprungum). Ófyllt holrými er hér ekki talið með. Á þennan máta er unnt að tengja ýmsa þætti bergsýnanna við magn ummyndunar.

Fróðlegt er að bera saman það grop sem greindist í þunnsneið og mælt grop. Ef allt mælt grop sést í þunnsneið ætti enginn mismunur að vera þar á milli. Á mynd 28 er mismunur mælds grops og þunnsneiðagrops sýndur á móti magni ummyndunar. Þrennt er athyglisvert á myndinni. Í fyrsta lagi er mælt grop ævinlega hærra en grop í þunnsneið, og sýnir meirihluti sýnanna mun upp á allt að 5%. Í öðru lagi er munurinn í fersku bergi allt upp í 45%. Í þriðja lagi fjölgar þeim sýnum sem sýna meiri en 5% mun poruhluta með aukinni ummyndun. Sérstaklega á þetta við þar sem sýnin verða >85% ummynduð. Skýring á því fyrstnefnda gæti bæði legið í mjög breytilegum poruhluta innan sýnanna, og ekki síður í því að flest fersku sýnin eru af ólivín-þóleíft samsetningu, en mikróporur milli einstakra kristalla (intercrystalline porosity) er einkennandi fyrir þá basaltfnasamsetningu. Í síðari tilvikunum getur verið um að ræða að hluti grops sé stærð minni en greinist með góðu móti í þunnsneiðum. Venjubundin þykkt þunnsneiðar er um 30 míkron ( $\mu\text{m}$ ). Erfitt er að greina holrými sem er minna en það. Það bendir til að allt að 5% af gropi bergs geti verið < 30 míkron í þvermál. Slíkt grop virðist aukast með aukinni ummyndun.

Á mynd 29 hefur verið fléttað saman % ummyndunar og efnisþyngd (grain density). Þar virðist efnisþyngd í heildina séð minnka með aukinni ummyndun. Frekari úrvinnslu er hér þörf, og væri áhugavert að skipta sýnapunktum í hópa eftir efnasamsetningu þeirra, og eftir ummyndunarbeltum.

Á myndum 30, 31 og 32 er loftlekt, vatnslekt og “klinkenberg” lekt sett upp á móti ummyndun. Á mynd 30 koma fram svipaðar breytingar og komu í ljós með gropið, þ.e. mjög há lektargildi í þeim sýnum sem eru fersk, lækkun gilda í sýnum sem ná upp undir 60% ummyndun en þaðan og upp í 100% ummyndun fjölga þeim sýnum sem hafa hærri lekt. Þessi snögga minnkun lektar frá fersku bergi yfir til bergs sem byrjað er að ummyndast er einkar athyglisverð, og er ef til vill skýrð með hve fljótt gasblöðrur, og þá sérstaklega þær smærri, fyllast af útfellingum, um leið og komið er niður í smektít-zeólítabelti og rjúfa þá lekatengingu milli þoranna. Hækkun lektar þegar komið er í meiri ummyndun, verður sennilega skýrð með myndun “sekúnderrar” lektar, ef til vill vegna flutnings efnis úr bergi, ásamt myndunar “mikró” sprungna. Tengsl vatnslektar og ummyndunar (mynd 31) og klinkenberglektar og ummyndunar eru ekki eins skýr, mögulega vegna mun færri mæligilda. Fróðlegt væri að skipta sýnum upp í fleiri undirhópa, svo sem m.t.t. mismunandi efnasamsetningar, ummyndunarbelta, breytilegs þrímers grops o.s.frv.

#### 4. NIÐURSTÖÐUR OG FREKARI ÚRVINNSLA

Í þessari skýrslu hefur verið fjallað um fyrstu skref í úrvinnslu núverandi jarðfræðigagna og samanburð við mældu forðafræðistuðla. Bráðabirgðaniðurstöður eru eftirfarandi:

- Grop, sem er minna en um 30 míkron í stærð, virðist aukast þegar ummyndun fer yfir 85%.
- Loftlekt lækkar umtalsvert frá fersku bergi yfir í berg í smektít-zeólíta ummyndunarbelti. Lekt hækkar síðan í sumum sýnum þegar ummyndun er komin yfir 60%. Samanburður mælinganna við þunnsneiðagreiningar bendir til að aukning grops og lektar sé vegna aukningar í holrými sem er <30 míkron ( $\mu\text{m}$ ) að þvermáli.
- Glæðitap virðist við fyrstu sýn vera óháð ummyndun bergsins, en líklegt er að aukið glæðitap í lághitaummyndun einskorðist mest við glerríkt berg. Kalsít ( $\text{CO}_2$ ) er mun algengara í háhita- en lághitaummyndun.

Tillögur að næstu skrefum í gagnaöflun og úrvinnslu eru eftirfarandi:

*Efnagreiningar.* Verið er að ljúka við efnagreiningu um 100 bergsýna hjá McGill í Kanada. Sameina þarf þær þeim efnagreiningum sem fyrir eru. Kanna þarf bergefnagreiningar annarra aðila á Íslandi grjóti og bera saman við gagnasafnið. Í því skyni er nauðsynlegt að endurreikna núverandi efnagreiningar án glæðitaps til að auðvelda samanburð.

*Þunnsneiðagreiningar.* Greina þarf þunnsneiðar af þeim bergsýnum sem efnagreind hafa verið. Líta þarf nánar á það atriði hvort unnt sé að greina með öryggi þær þorur og sprungur sem eru minni en 30 míkron, þ.e. minni en þykkt þunnsneiðarinnar.

*Gagnasafn.* Koma þarf öllum gögnum inn í Oracle-gagnasafnskerfið til að auðvelda úrvinnslu.

*Heimildaleit.* Gera þarf frekari leit að heimildum sem lýsa svipuðum rannsóknnum, til að auðvelda og hnitmiða úrvinnsluna, enda óþarfi að uppgötva hjólið enn einu sinni.

*Frekari úrvinnsla.* Er lagt til að frekari úrvinnsla og samtúlkun gagna haldi áfram á svipuðum nótum og þegar hefur verið. Í samtúlkun mældra forðafræðigilda, efnagreininga og þunnsneiðaathugana er lagt til að deila sýnasafninu frekar, t.d. með tilliti til ummyndunarmagns, ummyndunarstigs, berggerðar og upprunalegs grops til að sjá nánar áhrif þessara þátta á breytilega lekt og grop.

Í verkefninu Forðafræðistuðlum er spyrnt saman ólíkum aðferðum til að komast að því hvaða atriði valda helst breytilegu gropi og lekt í íslenzku bergi. Enn vantar nokkuð á að komast að hinu sanna í málinu.

## 5. HEIMILDIR

Ásgrímur Guðmundsson, Hjalti Franzson og Guðmundur Ómar Friðleifsson 1995. Forðafræðistuðlar. Söfnun sýna. Orkustofnun, OS-95017/JHD-11 B, 72 s.

Bignall, G., Browne, P.R.L. og Kyle, P.R. 1996: Geochemical characterisation of hydrothermally altered ignimbrites in active geothermal fields from the central Taupo Volcanic Zone, New Zealand. *Journal of Volcanology and Geothermal Research*, 73: 79-97.

Dickin A.P. og Jones, N.W. 1983. Relative element mobility during hydrothermal alteration of the Basic Sill, Isle of Skye, N.W. Scotland. *Contrib. Mineral. Petrol.* 82: 147-153.

Ferry, J.M. 1985. Hydrothermal alteration of Tertiary igneous rocks from the Isle of Skye, Northwest Scotland. I. Gabbros. *Contrib. Mineral. Petrol.* 91: 264-282.

Floyd, P.A. og Fuge R., 1982. Primary and secondary alkali and halogen element distribution in Icelandic Research drilling project basalts from eastern Iceland. *Journ. Geophys. Res.* 87: 6477-6488.

Gibson, I.L., Kirkpatrick, R.J, Emmerman, R., Schminke, H.U., Pritchard, G., Oakley, P.J., Thorpe, R.S. og Marriner, G.F. 1982. The trace element composition of the lavas and dikes from a 3-km vertical section through the lava pile of eastern Iceland. *Journ. Geophys. Res.* 87: 6532-6546.

Keith, T.E.C. og Bargar, K.E. 1988: Petrology and hydrothermal Mineralogy of U.S. Geological Survey. Newberry 2 drill core from Newberry Caldera, Oregon. *Journ. Geophys. Res.* 93: 10174-10190.

Levi, B., Aguirre, L., og Nyström, J.O. 1982: Metamorphic gradients in burial metamorphosed vesicular lavas: Comparison of basalt and spilite in Cretaceous basic flows from Central Chile. *Contrib. Mineral. Petrol.* 80: 49-58.


Ridley, W.I., Perfit, M.R., Jonasson, I.R., og Smith, M.F. 1994. Hydrothermal alteration in oceanic ridge volcanics: A detailed study at the Galapagos Fossil Hydrothermal Fields. *Geochimica et Cosmochimica Acta*, Vol. 58, No. 11: 2477-2494.

Sturchio, N.C, Muehlenbachs, K., og Seitz, M.G. 1986: Element redistribution during hydrothermal alteration of rhyolite in an active geothermal system: Yellowstone drill cores Y-7 and Y-8. *Geochim. et Cosmochem. Acta*, 50: 1619-1631.


Viereck, L.G, Griffin, B.J., Schminke, H.U. og Pritchard, R.G. 1982. Volcanoclastic rocks of the Reyðarfjörður drillhole, eastern Iceland. 2. Alteration. *Journ. Geophys. Res.*, 87: 6459-6476.

Walker, G.P.L. 1975. Intrusive sheet swarms and the identity of crustal layer 3 in Iceland. *Journ. Geol. Soc. London*, 131: 143-161.


Wood, D.A., Gibson, I.L. og Thompson, R.N. 1976. Elemental mobility during zeolite facies metamorphism of the Tertiary basalts of Eastern Iceland. Contrib. Mineral. Petrol., 55: 241-254.




Mynd 1. Helstu rannsóknaraðferðir og tengsl þeirra.



Mynd 2. Yfirlit yfir breytingar í ummyndun bergs í háhitakerfi.




Mynd 3. %SiO<sub>2</sub> á móti % TiO<sub>2</sub>.




Mynd 4. %SiO<sub>2</sub> á móti % Al<sub>2</sub>O<sub>3</sub>.







Mynd 5. % SiO<sub>2</sub> á móti % Fe<sub>2</sub>O<sub>3</sub>.




Mynd 6. % SiO<sub>2</sub> á móti % MnO.




Mynd 7. % SiO<sub>2</sub> á móti % MgO.




Mynd 8. % SiO<sub>2</sub> á móti % CaO.




Mynd 9. % SiO<sub>2</sub> á móti % Na<sub>2</sub>O.





Mynd 10. % SiO<sub>2</sub> á móti % K<sub>2</sub>O.






Mynd 11. % SiO<sub>2</sub> á móti % P<sub>2</sub>O<sub>5</sub>.




Mynd 12. % SiO<sub>2</sub> á móti % glæðitap.





Mynd 15. % SiO<sub>2</sub> á móti Pb.Mynd 16. % SiO<sub>2</sub> á móti Rb.




Mynd 17. % SiO<sub>2</sub> á móti Zn.




Mynd 18. % SiO<sub>2</sub> á móti Sr.

Mynd 19. % SiO<sub>2</sub> á móti Th.Mynd 20. % SiO<sub>2</sub> á móti U.







Mynd 21. % SiO<sub>2</sub> á móti Y.




Mynd 22. % SiO<sub>2</sub> á móti Zr.




Mynd 23. % glæðitap á móti  $\text{FeO}/\text{FeO}+\text{Fe}_2\text{O}_3$ .




Mynd 24. Samanburður á kalsítmagni og glæðitapi.




Mynd 25. %CO<sub>2</sub> á móti Bundið vatn.




Mynd 26. Bundið vatn á móti ummyndunarbelti.




Mynd 27. %CO<sub>2</sub> ummyndunarbelti.




Mynd 28. Mismunur mælds heildargrops og þunnsneiðargrops á móti % ummyndun.




Mynd 29. "Grain density" á móti á móti % ummyndun.



Mynd 30. Loftlekt á móti % ummyndun.



Mynd 31. Mæld vatnslekt á móti % ummyndun.



Mynd 32. Klinkenberg útreiknuð lekt á móti % ummyndun.



**Tafla 1.** Helstu þættir þunnsneiðalýsingar



Nr. Sýnis \_\_\_\_\_ Sýnatökustaður \_\_\_\_\_

**TALNING Í ÞUNNSNEIÐ (200 punktar)**

1. Frumsteindir 2. Ummyndaða frumsteindir 3. Útfelling í blöðrum 4. Útfelling í sprungum 5. Ófylltar blöðrur 6. Ófylltar sprungur	
--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	--

**ÞUNNSNEIÐALÝSING**

- 1) Berggerð - Kristöllun - Dílar
  
- 2) Ummyndun frumsteinda:
  - Gler
  - Ólivín
  - Pýroxen
  - Plagíóklas
  - Málmur
  
- 3) Listi yfir ummyndunarsteindir: (S)-spor, (N)-nokkuð, (A)- algeng, (G)-grasserandi
  
- 4) Röðun steinda í útfellingum
  
- 5) Yfirprentun (zeólítar, kalsít)
  
- 6) Önur atriði

**Tafla 2.** Niðurstöður í punkktalningu í þunnsneiðum og forðafræðimælingar



Sýni No.	Klinkenb Perm	Air Perm	Water perm	Effective porosity	Total porosity	Tot.grain density	Klink/vat	Air/klink	Air/water	Sýni No.	Þunnst. No.	Frumst. Fjöldi	Frumst. %	Frumst. fj. umm. %	Frumst. % umm.	Bliðn. útfell.	Bliðn. %	Sprung. útfell.	Sprung. %	Bliðn. % óhyllt	Bliðn. % óhyllt	Sprung. % óhyllt	Samt. Tot%
G-43				2.1	2.9	2.98				G-43	15706	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
G-44				1.4	1.9	2.94				G-44	15707	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
G-45	g45	0	0	0.2	1.4	2.93				G-45	15708	88	44	112	56	0	0	0	0	0	0	0	100
G-46	g46	0	0	0.2	1.2	2.89				G-46	15709	8	4	179	89.5	12	6	1	0.5	0	0	0	100
G-47		0.105	0.12	0.8	2.7	2.9				G-47	15710	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
G-48				1.8	2	2.97				G-48	15711	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
G-49		0.285	0.303	1.1	3.2	2.95				G-49	15712	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
G-50				0.2	1.5	2.9				G-50	15713	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
G-51		0.006	0.015	6.8	7	2.73				G-51	15714	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
G-52		0.961	1.06	2.1	2.5	2.93				G-52	15715	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
G-53		0.005	0.007	6.2	6.4	2.96				G-53	15716	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
G-54				0.4	5.2	2.96				G-54	15716	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
G-55		0.003	0.008	0.8	1.5	2.73				G-55	15717	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
G-56		0.004	0.01	1.4	2.3	2.81				G-56	15718	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
G-57	g57	0	0	2.5	3.6	2.81				G-57	15719	0	184	92	0	10	5	6	3	0	0	0	100
G-58				8.9	9.1	2.78				G-58	15720	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
G-60	g60	0	0	0.2	2	2.82				G-60	15721	0	190	95	5	2.5	5	5	2.5	0	0	0	100
G-61				1	3.6	2.8				G-61	15722	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
G-62				1	3.7	2.75				G-62	15723	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
G-63	g63	0	0	1.7	2.6	2.63				G-63	15724	1	0.5	176	88	0	0	23	11.5	0	0	0	100
G-64				0.3	4.9	2.92				G-64	15724	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
G-65				0.1	0.4	2.81				G-65	15725	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
G-66				0.8	2	2.71				G-66													
G-67				0.2	0.7	2.85				G-67													
G-68				0.5	1.5	2.84				G-68	15726	72	36	90	45	30	15	8	4	0	0	0	100
G-69				0.2	0.5	2.88				G-69	15727	42	21	107	53.5	44	22	6	3	1	0.5	0	100
H-1		0.016	0.029	13.4	13.8	2.88				H-1	15732	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
H-1		0.016	0.029	12.39						CTHag95													
H-2				2.6	3.5	2.9				H-2	15733	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
H-3		0.006	0.012	14.2	14.4	2.9				H-3	15734	24	12	153	76.5	8	4	15	7.5	0	0	0	100
H-4		0.02	0.025	2.7	2.9	2.92				H-4	15735	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
H-5		0.199	0.328	15.8	16.7	2.78				H-5	15736	0	0	165	82.5	31	15.5	4	2	0	0	0	100
H-6		0.004	0.011	1.3	1.9	2.91				H-6	15737	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
H-7		0.249	0.336	10.1	10.8	2.7				H-7	15738	3	1.5	159	79.5	11	5.5	27	13.5	0	0	0	100
H-7		0.249	0.336	14.05						CTHag95													
H-8		0.009	0.02	2.6	3.1	2.92				H-8	15739	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
H-9				2.9	4.3	2.9				H-9	15740	115	57.5	85	42.5	0	0	0	0	0	0	0	100
H-10		0.136	0.22	7	7.5	2.71				H-10	15741	8	4	169	84.5	0	0	23	11.5	0	0	0	100
H-11				0.1	1.1	2.96				H-11	15742	121	60.5	73	36.5	6	3	0	0	0	0	0	100
H-11				3.3						CTHag95													
H-12										H-12	15743	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
H-13	h13	1.24	1.38	0.4	0.7	3.01	4.46	1.11	4.96	H-13	15744	0	0	146	73	29	14.5	25	12.5	0	0	0	100
H-14	h14	0	0	2.2	2.5	3.08				H-14	15745	161	80.5	39	19.5	0	0	0	0	0	0	0	100
H-15		0.008	0.017	0						H-15	15746	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
H-16		0.003	0.009	1.6	1.8	2.96				H-16	15747	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
H-17				0.5	0.7	2.96				H-17	15748	97	48.5	102	51	0	0	1	0.5	0	0	0	100
H-18				0.6	3	2.95				H-18	15749	100	50	95	47.5	5	2.5	0	0	0	0	0	100
H-19				0.7	3	2.94				H-19	15750	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
H-19				3.4	4.5	2.8				H-19	15750	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
H-20		0.006	0.007	0.2	5.4	2.87				H-20	15751	21	10.5	143	71.5	16	8	20	10	0	0	0	100

Sýni No.	Klinkenb Perm	Air Perm	Water perm	Effective porosity	Total porosity	Tot.grain density	Klinkhvát	Air/klínk	Air/water	Sýni No.	Punnnsn. No.	Frumst. Fjöldi	Frumst. %	Frumst. fj. umm.	Frumst. % umm.	Bloðúr útfell.	Bloðúr %	Sprung. útfell.	Bloðúr %	Sprung. %	Bloðúr %	Sprung. %	Samt. Tol%	
H-21				4,6	5	2,78				H-21	15752	24	12	154	77	20	10	2	1	0	0	100		
H-22	1,68	1,79	0,25	2,9	3	2,89	6,72	7,16		H-22	15753	59	29,5	141	70,5	0	0	0	0	0	0	0	100	
H-23	0,037	0,074		17	17,1	2,89				H-23	15754	0	0	104	52	59	29,5	29	14,5	8	4	0	100	
H-24	0,028	0,033		0,8	3,1	2,95				H-24	15755	80	40	115	57,5	5	2,5	0	0	0	0	0	100	
H-25	0,033	0,05		8,4	8,8	2,88				H-25	15756	13	6,5	148	74	37	18,5	2	1	0	0	0	100	
H-26	0,019	0,022		0,3	2,6	2,86				H-26	15757	97	48,5	94	47	9	4,5	0	0	0	0	0	100	
H-27	0,001	0,003	0	19	19,5	2,8	3			H-27	15758	0	0	169	84,5	26	13	5	2,5	0	0	0	100	
	0,004	0,01																						
H-28				9,3	10,4	2,89				H-28	15759	56	28	133	66,5	10	5	1	0,5	0	0	0	100	
H-29				3,5	5,8	2,95				H-29	15760	51	25,5	109	54,5	6	3	34	17	0	0	0	100	
H-30										H-30	15761		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	
H-31			0	0,1	2	2,86				H-31	15762	39	19,5	155	77,5	0	0	6	3	0	0	0	100	
H-32										H-32	15763		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	
H-33				0,2	0,8	2,75				H-33	15764	30	15	133	66,5	34	17	3	1,5	0	0	0	100	
H-34				0,2	1,1	2,85				H-34	15765	22	11	166	83	9	4,5	3	1,5	0	0	0	100	
H-35				0,1	1,3	2,88				H-35	15766		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	
H-36			0	0,1	1	2,84				H-36	15767	36	18	118	59	46	23	0	0	0	0	0	100	
H-37				0,5	3,4	2,86				H-37	15768	50	25	135	67,5	8	4	7	3,5	0	0	0	100	
H-38	0,207	0,269		7,3	7,5	2,91				H-38	15769		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	
H-39				0,8	2,6	2,89				H-39	15770		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	
H-40				2,2	2,9	2,89				H-40	15771	61	30,5	124	62	0	0	15	7,5	0	0	0	100	
H-41	0,001	0,002		4,7	4,8	2,84				H-41	15772	15	7,5	142	71	3	1,5	40	20	0	0	0	100	
H-42				4	5	2,79				H-42	15773	100	50	82	41	0	0	18	9	0	0	0	100	
H-43				2,6	3	2,8				H-43	15774	50	25	118	59	25	12,5	7	3,5	0	0	0	100	
H-44	0,039	0,046		0,2	1,8	2,8				H-44	15776	9	4,5	126	63	22	11	33	16,5	0	0	0	95	
H-45	5,81	6		9,7	9,8	2,72				H-45	15777	0	0	166	83	31	15,5	3	1,5	0	0	100		
H-46				2,2	4,1	2,68				H-46	15778	0	0	67	33,5	0	0	133	66,5	0	0	0	100	
H-47				0,9	2,9	2,66				H-47	15779	0	0	145	72,5	28	14	27	13,5	0	0	0	100	
H-48	0,001	0,002		10,5	10,8	2,83				H-48	15780	0	0	138	69	62	31	0	0	0	0	0	100	
H-49				0,9	2,5	2,92				H-49	15781	111	55,5	81	40,5	8	4	0	0	0	0	0	100	
H-50				1	1,6	2,86				H-50	15782	78	39	113	56,5	8	4	1	0,5	0	0	0	100	
H-51	0,178	0,237	0,07	10,2	10,3	2,66	2,54	3,67		H-51	15783	0	0	189	94,5	0	0	3	1,5	8	4	0	100	
H-52	0,004	0,01		0,3	4,1	2,79				H-52	15784		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	
H-53	0,002	0,005		12,4	12,5	2,96				H-53	15785	20	10	154	77	13	6,5	13	6,5	0	0	0	100	
H-54				2,4	6,2	2,89				H-54	15786	18	9	166	83	8	4	8	4	0	0	0	100	
H-55	0,034	0,077	0	12,6	12,7	2,96	2,26			H-55	15787	0	0	168	84	6	3	25	12,5	1	0,5	0	100	
	0,018	0,024	0																					
H-56	0,024	0,043	0	14	14,1	2,69	1,79			H-56	15788	0	0	176	88	4	2	20	10	0	0	0	100	
	0,02	0,037	0																					
G-1										G-1	15789		0	0	0	0	0						0	
G-5				19,4	19,5	3,06				G-5	15790	0	0	61	30,5	68	34	0	0	0	71	35,5	0	100
G-39										G-39	15791		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	
G-53										G-53	15792		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	
G-63										G-63	15793		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	
G-14X										G-14X	15794		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	
G-14Y										G-14Y	15795		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	
G-14Z										G-14Z	15796		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	
G-14P										G-14P	15797		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	
H-57	0,021	0,037	0	6,4	6,5	2,63	1,76			H-57	15798	119	59,5	60	30	0	0	0	0	0	21	10,5	0	100

Syni No.	Klinkenb Perm	Air Perm	Water perm	Effective porosity	Total porosity	Tot.grain density	Klink/wat	Air/klink	Air/water	Syni No.	Punnsn. No.	Fjöldi	Frumst. %	Frumst. f. umm.	Frumst. % umm.	Blaður útfell.	Blaður %	Sprung. útfell.	Sprung. %	Blaður ófyllt	Blaður % ófyllt	Sprung. ófylltar	Sprung. %ófyllt.	Samt. Tot%	
H-58	0.02	0.037	0	0.8	1.9	2.96				H-58	15799	184	92	14	7	0	0	1	0.5	1	0.5	0	0	100	
H-59	59	4.81	5.2	4.238	31.3	2.96	1.13	1.08	1.23	H-59	15800	40	20	106	53	51	25.5	1	0.5	2	1	0	0	100	
H-60		0.007	0.011		3.8	2.89				H-60	15801	156	78	42	21	0	0	2	1	0	0	0	0	100	
H-61					0.1	2.95				H-61	15802	175	87.5	25	12.5	0	0	0	0	0	0	0	0	100	
H-62				3.85						CTHäg65															
H-63	0.001	0.002		1.5	2.9	2.94				H-62	15803	177	88.5	23	11.5	0	0	0	0	0	0	0	0	100	
H-64				0.3	0.7	2.86				H-63	15804	177	88.5	23	11.5	0	0	0	0	0	0	0	0	100	
H-65	0.161	0.219	0.02	13.7	14.1	2.79	8.05	1.36	10.95	H-64	15805	189	94.5	9	4.5	1	0.5	0	0	1	0.5	0	0	100	
H-66				19.47						H-65	15806		0	0	0	0	0		0	0	0	0	0	0	
H-67										CTHäg65															
H-68				17.7	18	2.44	11.47	1.13	12.93	H-66	15807		0	0	0	0	0		0	0	0	0	0	0	
H-69				22.2	27.5	2.7				H-67	15808	113	56.5	61	30.5	26	13	0	0	0	0	0	0	100	
H-70	-70	16.7	18.5	9.073	9.3	2.73	1.84	1.11	2.04	H-68	15809	168	84	13	6.5	8	4	0	0	11	5.5	0	0	100	
H-71	-71	0.036	0.049	0.1	3.8	4.1	0.36	1.36	0.49	H-69	15810	106	53	75	37.5	12	6	0	0	7	3.5	0	0	100	
H-72				3.3	3.9	2.94				H-70	15811	77	38.5	81	40.5	36	18	0	0	6	3	0	0	100	
H-73				1.9	3.6	2.99				H-71	15812	172	86	10	5	10	5	0	0	8	4	0	0	100	
H-74				2.4	2.5	2.94				H-72	15813	172	86	19	9.5	9	4.5	0	0	0	0	0	0	100	
H-75				1.1	1.3	2.91				H-73	15814	172	86	27	13.5	1	0.5	0	0	0	0	0	0	100	
H-76				1.3	2.3	2.97				H-74	15815	153	76.5	41	20.5	3	1.5	0	0	3	1.5	0	0	100	
H-77	0.003	0.005		2.5	3.3	2.95				H-75	15816	167	83.5	19	9.5	9	4.5	0	0	5	2.5	0	0	100	
H-78	0.027	0.035		5.3	5.4	2.95				H-76	15817	159	79.5	40	20	1	0.5	0	0	0	0	0	0	100	
H-79	-79	0.26	0.293	0.04	7.2	7.3	6.5	1.13	7.33	H-77	15818	162	81	36	18	2	1	0	0	0	0	0	0	100	
H-80				4.6	4.9	2.94				H-78	15819	132	66	61	30.5	4	2	0	0	3	1.5	0	0	100	
